



Hvernig gerum við skátastarf ævintýrlegt, skemmtilegt, krefjandi og aðgengilegt?

Skátastarf er vegferð sem byggir á ungmennastarfi sem er sérsníðið að hverjum og einum. Hvert skref áfram er hannað til þess að bæta ofan á vitneskju, þekkingu og færni aldursbilsins fyrir neðan. Á þessari vegferð pössum við upp á að skátastarfið bjóði upp á verkefni sem eru ævintýrleg, skemmtileg, krefjandi og aðgengileg.

Þessi slagorð geta gert hvaða aðstæður sem er betri. Það er hægt að nýta þau til að prófa nýjar hugmyndir, dagskrá og verkefni. Allt innan skátastarfsins ætti að innihalda

slagorðin fjögur, ekki aðeins verkefnin heldur einnig skátafundir, viðburðir og útilegur!

Öll verkefni eiga að vera:

Æ vintýrlegt

S kemmtilegt

K refjandi

A ðgengilegt

Æ vintýrlegt

Ævintýri er ögrandi og krefjandi reynsla sem ýtir einstaklingnum út fyrir þægindarammann sinn.

Ævintýri getur verið:

- Að fara á nýjan stað í fyrsta skipti
- Að leiða verkefni
- Að leysa vandamál
- Að búa til eitthvað úr engu

S kemmtilegt

Að skemmta sér er ekki eini tilgangur skátastarfs, markmiðið er að hafa gaman á meðan við stundum skátastarf

Tilgangur með skemmtun getur verið að:

- Notaða táknaðan ramma fyrir skátastarf
- Að fá nýjar hugmyndir til að búa til einstakar og eftirminnilegar minningar
- Að sjá til þess að allir séu með
- Reyna eitthvað nýtt

K refjandi

Krefjandi reynsla reynir á og eykur færni hvers og eins sem stuðlar að þroska einstaklingsins.

Krefjandi reynsla er sú sem:

- Er viðeigandi fyrir aldur og færni
- Hefur ekki verið gerð á sama hátt með sömu einstaklingum og áður
- Hjálpar öllum að auka færni sína
- Getur falið í sér mismunandi verkefni og ábyrgð fyrir hvern einstakling

A ðgengilegt

Aðgengi gengur út á það að vera hluti af heild, eiga auðvelt með þátttöku og hafa aðgengi til að þjálfa færni sína.

Hugleiddu hvort skátastarfið sé aðgengilegt öllum:

- Sjáðu til þess að allir geti verið með
- Skoðaðu hvernig er hægt að aðlagja verkefni svo það sé aðgengilegt öllum.
- Mismunandi hlutverk í hópvinnu og verkefnum leyfir öllum að vera hluti af heild, en eftir þeirra getu.